



Vegagerðin kt. 680269-2889, Suðurhraun 3, 210 Garðabær, annars vegar og Hafnarfjarðarkaupstaður (Hafnarfjörður) kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður, hins vegar, gera með sér svohljóðandi

SAMNING

1. gr. Gildissvið samnings

Samningur þessi gildir um færslu veghalds frá Vegagerðinni, veghaldara þjóðvega, til Hafnarfjarðar, veghaldara sveitarfélagsvega, sbr. 1. mgr. 13. gr. vegalaga nr. 80/2007, á eftirtöldum vegum og samgöngumannvirkjum: Fjarðarbraut nr. 470-01.

2. gr. Skilgreiningar

Í samningi þessum hafa hugtök eftirfarandi merkingu:

- *Ástandsskýrsla*: Sameiginleg skýrsla vinnuhóps Vegagerðarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem unnin var af Eflu, Skilavegir – Ástandsmat dags. 28.06.2021,
- *Skilalýsing*: Lýsing á því sem skilað er til sveitarfélags samkvæmt samningi þessum,
- *Skilavegur*: Vegur sem færast í veghald sveitarfélags,
- *Veghald*: Forræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega,
- *Veghaldari*: Sá aðili sem hefur veghald vegar,
- *Vegur*: Akbraut, sem er sá hluti vegar sem er fyrst og fremst ætlaður fyrir umferð ökutækja, öll önnur mannvirki og vegsvæði sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not,
- *Viðunandi ástand*: Ástand vegar eins og það er skilgreint í skýrslu vinnuhóps Vegagerðarinnar og Sambands sveitarfélaga, sem unnin var af EFLU verkfræðistofu: *Skilavegir – ástandsmat*, dags. 28.06. 2021, kafla 2.1 *Almennar skilgreiningar á viðunandi ástandi skilavega*.

3. gr. Skilavegur

Aðilar eru sammála um að með samningi þessum sé eftirfarandi vegi skilað til Hafnarfjarðar:

1. Fjarðarbraut nr. 470-01, frá Hafnarfjarðarvegi (40-06) að Hvaleyrarbraut, lengd: 2,83 km, sbr. meðfylgjandi mynd fskj. 1.

Hafnarfjörður telst veghaldari Fjarðarbrautar skv. 1. tl. 3. gr., frá og með 1. janúar 2022 og er veghald frá og með þeim tíma á ábyrgð sveitarfélagsins.

Viðræður standa yfir á milli aðila um framtíð Elliðavatnsvegur og verður unnið að sérstöku samkomulagi varðandi hann.

4. gr. Greiðslur

Vegagerðin innir af hendi eingreiðslu að fjárhæð 139.304.900 kr., í bókstöfum hundrað þrjátíu og níu milljónir þrjúhundruð og fjögur þúsund og níu hundruð krónur, til þess

að gera Hafnarfirði kleift að koma framangreindum vegi, skv. 1. tl. 3. gr., í viðunandi ástand.

Samningsaðilar eru sammála um að með þeirri greiðslu teljist Fjarðarbraut skv. 1. tl. 3. gr. skilað í viðunandi ástandi og gerir Hafnarfjörður ekki frekari kröfur á Vegagerðina vegna skilavegsins. Framangreind fjárhæð skiptist á eftirfarandi hátt:

Vegna slitlags að fjárhæð 81.774.900 kr., í bókstöfum áttatíu og ein milljón sjöhundruð sjötíu og fjögur þúsund og níu hundruð krónur.

Viðgerð á malbiki, magn: 558 m², einingarverð: 11.000, í heild að fjárhæð 6.138.000 kr.

Slitlagsmalbik á fræst yfirborð, magn: 12.475 m², einingarverð: 4.000, í heild að fjárhæð, 49.900.000 kr.

Fræsun á malbiki, magn: 12.745 m², einingarverð: 950, í heild að fjárhæð 12.107.750 kr.

Umsjón og eftirlit, 20% af ofangreindum fjárhæðum, að fjárhæð 13.629.150 kr.

Vegna mannvirkja, vegbúnaða o.fl. að fjárhæð 16.640.000 kr., í bókstöfum sextán milljónir sexhundruð og fjórtíu þúsund krónur.

- Flutningur, aðstaða og rekstur vinnubúða/vinnusvæðis að fjárhæð 340.000 kr.
- Lagfæringar á vegi að fjárhæð 11.300.000 kr.
- Ófyrirséð (20%) að fjárhæð 2.400.000 kr.
- Hönnun, umsjón og eftirlit (18%) að fjárhæð 2.600.000 kr.

Vegna götulýsingar að fjárhæð 12.480.000 kr., í bókstöfum tólf milljónir fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur.

- Endurnýjun stólpa: 3 stk. x 320.000 kr./stk. = 960.000 kr.
- Skipti á lömpum: 144 stk. x 80.000 kr./stk. = 11.520.000 kr.

Vegna fráveitu regnvatns að fjárhæð 28.410.000 kr., í bókstöfum tuttugu og átta milljónir fjögur hundruð og tíu þúsund krónur.

Lokauppgjör greiðslna skv. 4. gr. milli samningsaðila fer fram í lok árs 2021. Að þeim tíma liðnum eiga aðilar enga frekari kröfur hvor á annan samkvæmt samningi þessum.

5. gr. Umferðarljós

Í samningi þessum er gert ráð fyrir endurnýjun á eftirtöldum umferðarljósum:

1. Gangbrautarljós við Reykjavíkurveg 68.
2. Umferðarljós á mótum Reykjavíkurvegar og Hjallabrautar.

Endurnýjun fer fram í samræmi við endurnýjunaráætlun Samgöngusáttmálans.

6. gr. Yfirtaka veghalds

Hafnarfjörður telst veghaldari skilavega samkvæmt samningi þessum frá 1. janúar 2022 og er veghald Fjarðarbrautar frá og með þeim tíma á ábyrgð sveitarfélagsins.

Aðilar skuldbinda sig til að eiga samstarf um yfirtöku Hafnarfjarðar á veghaldi, þannig að yfirfærslan gangi sem best fyrir og ekki verði rof á þjónustu.

Vegagerðin skal við yfirfærslu veghalds afhenda Hafnarfirði gögn er varða lagnir, ástand slitlaga, legu mannvirkja og annað sem máli getur skipt fyrir veghaldara.

7. gr. Fyrirvari Hafnarfjarðar

Samningar hafa ekki tekist um að fjármunir sem Vegagerðin hefur haft til reksturs og viðhalds vegar þess sem færast til Hafnarfjarðar við yfirfærslu veghalds samkvæmt vegalögum, 1. janúar 2022. Í greinargerð með lögum nr. 14/2015 kemur fram sá vilji löggjafans að „ekki [sé] gert ráð fyrir að í yfirfærslunni felist aukinn kostnaður fyrir sveitarfélögin“ og að „gert er ráð fyrir að það fjármagn sem nú er á hendi Vegagerðarinnar vegna veghalds þessara vega færast yfir til sveitarfélaganna samhliða yfirfærslunni á grundvelli samninga.“ Því lítur Hafnarfjarðarkaupstaður svo á að þeim þætti sem lýtur að fjármögnun reksturs og viðhalds umrædds vegar til framtíðar sé ólokið. Er því fyrirvari gerður við undirskrift þessa samkomulags og áskilnaður um allan rétt sveitarfélagsins til að leita allra leiða til að sækja leiðréttingu á þessu.

Af hálfu Vegagerðarinnar er ekki tekin afstaða til fyrirvara Hafnarfjarðar en áskilinn réttur til þess síðar verði tilefni til.

8. gr. Ýmis ákvæði

Rísi ágreiningur út af samningi þessum skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Af samning þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, eitt handa hvorum aðila. Til staðfestu framangreindu rita fulltrúar Hafnarfjarðar og Vegagerðarinnar undir þennan samning með rafrænni undirskrift.

Staður/dags: _____

F.h. Vegagerðarinnar

F.h. Hafnarfjarðar, með fyrirvara um samþykki bæjarráðs

Fylgiskjöl: Mynd, skilavegur: *Fjarðarbraut nr. 470-01*